



Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2009



Efnisyfirlit

Ávarp rektors	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands.....	5
Auðlindadeild.....	6
Umhverfisdeild	7
Starfs- og endurmenntunardeild.....	8
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2009	9
Rannsóknasvið	11
Rekstrar- og þjónustusvið	15
Fjármál	16
Útgáfa.....	16
Ritaskrá starfsmanna – ritrýnt efni.....	17
Starfsmenn	18
Brautskráning LbhÍ í Reykholtskirkju 29. maí 2009	21

Ávarp rektors

Í upphafi fimmta starfsárs Landbúnaðarháskóla Íslands voru aðstæður í þjóðfélaginu nokkuð sérstakar. Í stað útrásar og framkvæmdagleði liðinna ára var nú runninn upp tími stórvaxinna vandamála í rekstri þjóðarbús, atvinnuleysis og mikillar óvissu á flestum sviðum. Strax varð ljóst að mikið myndi reyna á menntakerfið og mikilvægt að þar sýndu menn stöðugleika, og ákveðið æðruleysi, og undirbyggju að taka við eins mörgum nemendum og frekast væri unnt.

Strax í upphafi árs hófst mikil vinna varðandi stefnumarkandi umræðu um háskólastigið á vegum stjórnvalda. Starfshópar sérfræðinga skiluðu af sér tillögum um þróun menntakerfisins og margs konar nefndavinna var sett í gang. Svokallaður rýnihópur menntamálaráðherra fundaði stíft allt árið og meðal annars var haldinn vel heppnaður fundur með menntamálaráðherra, rektorum og stórum hópi fagfólks úr ráðuneyti og háskólum landsins á Hvanneyri í júnímánuði. Rýnihópurinn skilaði síðan á árinu skýrslu til menntamálaráðherra um stöðu og framtíð háskólastigsins. Í henni er einkum lögð áhersla á aukið samstarf háskólanna og að efla gæðamat og eftirlit, m.a. með því að byggja fjárveitingar að einhverju leyti á árangursmati. Þar er einnig lagt til að fjármögnunarlíkan ráðuneytisins verði endurskoðað.

Mikil aðsókn var í nám hjá LbhÍ á árinu en m.a. var opnað fyrir innritun nemenda á flestar brautir um áramót til að svara kalli samfélagsins vegna skipbrots þjóðarinnar í efnahagsmálum. Þetta var gert þó svo að nemendur yrðu þá að koma inn í hafið nám og í mörgum tilvikum búnir að missa af nauðsynlegum fornámskeiðum. Alls hófu 114 nýnemar nám á haustmánuðum en þess ber að geta að ekki er tekið inn á allar brautir árlega. Þá má geta þess að farið var af stað með hóp MS nema í skipulagsfræðum en mikill áhugi hefur verið fyrir slíku námi nú um árabil.

Vel gekk að afla rannsóknastyrkja á árinu og mikil gróska í rannsóknastarfinu en rannsóknir teljast vera um 60% af heildarumfangi starfa og veltu hjá LbhÍ.

Endurmenntunardeildin var mjög virk en um 1800 manns sóttu námskeið á vegum deildarinnar á síðasta ári. Stærstu námskeiðaraðirnar eru Reiðmaðurinn og Grænni skógar en þar er í báðum tilvikum um að ræða tveggja ára einingarbært nám sem byggir á samfelldri röð námskeiða. Færri komust að en vildu í þessi námskeið.

Árið 2009 var ákveðið tímamótaár í sögu Landbúnaðarháskóla Íslands. Á þessu ári voru 120 ár liðin frá því að fyrsti nemandinn innritaðist til náms á Hvanneyri sem markar upphaf skólastarfs á staðnum. Þá voru liðin 70 ár frá því að garðyrkjumenntun hóf göngu sína og markar þannig árið 1939 upphaf starfsins á Reykjum í Ölfusi þar sem höfuðstöðvar garðyrkjúnámsins eru. Þessu til viðbótar voru 60 ár liðin frá því að fyrstu búfræðikandidatarnir útskrifuðust en þann lærdómstítill báru háskólamenntaðir Hvanneyringar allt til ársins 1999.

Þá má telja það til verulegra tímamóta að í kjölfar yfirgripsmikillar úttektar erlendrar sérfræðinganefndar, síðla árs, veitti menntamálaráðherra LbhÍ formlega heimild til þess að bjóða fram doktorsnám á fræðasviðum skólans og útskrifa fólk með doktorsgráðu.

Margar meistaravarnir voru haldnar á árinu en það er ekki vafi á því að meistaranámið við LbhÍ hefur þróast gríðarlega vel með gæði og metnað að leiðarljósi. Hefðbundin brautskráning nemenda LbhÍ á Hvanneyri fór síðan fram með glæsilegum hætti þann 29. maí og var athöfnin að venju í Reykholtskirkju.

Geysilega mikilvægur þáttur í rekstri framhaldsnáms við LbhÍ er þátttaka í NOVA háskólanetinu sem er samstarf 9 norrænna háskóla um rekstur sameiginlegra meistara- og doktorsnámskeiða. Um áramótin tók

LbhÍ við formennsku í þessu netverki og mun reka NOVA skrifstofuna næstu 2 árin en henni fylgir verulegt umfang en starfsemin er rekin á þátttökugjöldum háskólanna í hlutfalli við stærð þeirra.

Brautskráning nemenda úr Landgræðsluskólanum fór fram í byrjun október en starfið hefur gengið afar vel en þetta árið lauk hinu þriggja ára tilraunaverkefni um skólann. Á árinu var síðan unnið að framtíðarsamningi við Utanríkisráðuneytið og Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó með hliðstæðum hætti og Jarðhitaskólinn og Sjávarútvegsskólinn hafa gert.

Skipunartími háskólaráðs og rektors rann út á árinu en samkvæmt lögum er skipunartíminn 5 ár í senn. Nýtt háskólaráð tók því til starfa á miðju ári og Ágúst Sigurðsson var að undangenginni lögformlegri starfsauglýsingu og ráðningarferli skipaður rektor til næstu 5 ára.

Ársfundur LbhÍ var haldinn á Hvanneyri að þessu sinni í lok apríl. Yfirskrift fundarins að þessu sinni var Þekking – Frumkvæði – Atvinna og var þar vísað til þess að með þekkingu og frumkvæði að vopni megi skapa atvinnu. Við þetta tækifæri var undirritaður samstarfssamningur milli LbhÍ, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um stofnun og rekstur frumkvöðla og tækniþróunarsetursins SPROTA á Hvanneyri.

Á árinu var hleypt af stokkunum verkefninu Vísindavika unga fólksins þar sem áhugasömum náttúrufræðinemum úr framhaldsskólum er boðið til vikudvalar við vísindaiðkun á Hvanneyri. Þátttakendur voru úr þremur framhaldsskólum á Vesturlandi og var verkefnið styrkt af Vaxtarsamningi Vesturlands. Vísindavikan heppnaðist vel og er reiknað með að fá fleiri skóla inn í verkefnið og gera þetta að árlegum viðburði.

Hið árlega Fræðaping landbúnaðarins var haldið í febrúar en starfsmenn LbhÍ eiga þar að jafnaði um helming erinda og veggspjalda. Þetta er mjög mikilvægur vettvangur til kynningar á nýjustu þekkingu og er gott dæmi um farsælt samstarfsverkefni margra stofnana á þessu sviði. Þá voru á árinu haldin mörg málþing og ráðstefnur á vegum skólans um margvísleg viðfangsefni og eru slíkar upptökur vaxandi þáttur í starfi skólans.

Á árinu voru gerðir margs konar samstarfssamningar, m.a. við Bændasamtök Íslands um ýmis verkefni, einnig má nefna samstarfssamninga við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Þá var gerður samningur við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti um stofnun erfðalindaseturs við LbhÍ auk þess sem langtímasamningur um rannsóknir og nýsköpun var endurnýjaður. Alltaf er nokkuð um að undirritaðir séu samningar um nemendaskipti og slíkt við erlenda háskóla og er sérstaklega gaman að nefna samning við ríkisháskólann í Mongólíu sem dæmi um slíkt á liðnu ári.

Í lok síðasta árs samþykkti Alþingi að auka varanlegan fjárlagaramma LbhÍ um 70 m króna. Þetta var mikið fagnaðarefni enda hafa stjórnendur skólans ítrekað bent á að LbhÍ hefur um langt árabil setið langt eftir hvað varðar fjárheimildir miðað við háskólastigið í heild, og vöxt skólans, auk þess sem frágangur frá fyrri tíð hefur verið ókláraður. Þetta hafa yfirvöld menntamála verið meðvituð um enda hafa rekstraráætlanir skólans verið samþykktar af menntamálaráðuneyti með halla undanfarin ár. Þessi aukning dugði hins vegar ekki til að leiðrétta undirfjármögnun skólans að fullu þannig að ráðast varð í verulegar aðgerðir til þess að koma rekstri í jafnvægi miðað við fjárheimildir. Þá voru fjárveitingar til allra háskóla skornar niður á síðasta ári um 8,5% vegna efnahagsáfalla landsins og samdráttur í rekstri því óumflýjanlegur. Til þess að bregðast við þessu var meðal annars farið út í að breyta öllum búrekstri á tilrauna- og kennslubúum skólans. Þannig var búrekstur á Möðruvöllum seldur inn í félag í eigu búnaðarsambanda á norðausturlandi og búrekstur á Hvanneyri og Hesti seldur inn í sérstakt félag -

Grímshaga ehf. Landbúnaðarháskólinn hefur áfram aðgang að tilrauna- og kennsluáðstöðunni en reksturinn er alfarið á ábyrgð fyrrgreindra félaga. Samhliða þessu var starfsfólki fækkað eins og frekast var unnt með því að endurskipuleggja og forgangsraða til hins í ytrasta.

Fyrir forgöngu menntamálaráðherra var á árinu unnin s.k. fýsileikakönnun á mögulegum samruna LbhÍ við Háskóla Íslands. Einnig var skoðað hvort Tilraunastöðin á Keldum gæti fallið inn í slíkan samruna. Sérstök nefnd skipuð forystufólki úr þessum stofnunum vann að málinu fyrri hluta ársins og skilaði álitni til ráðherra sl. sumar. Niðurstaða nefndarinnar var í stuttu máli sú að slík sameining gæti verið fýsileg að því gefnu að myndað yrði nýtt svið umhverfis- og auðlindavísinda við HÍ en ljóst væri hins vegar að slík sameining væri nokkuð kostnaðarsöm. Frekari aðgerðir hafa því ekki orðið í málinu og þessari vinnu er lokið að sinni.

Á árinu var haldið áfram við lagfæringar og endurbætur á húsnæði LbhÍ á Reykjum, Keldnaholti og Hvanneyri. Á Reykjum voru ýmsar framkvæmdir í kjölfar jarðskjálftaskemmda sem urðu á árinu 2008 og bætur fengust fyrir úr viðlagasjóðum. Þar voru meðal annars lagfæringar á skólahúsi og gróðurhúsum en einnig rif og hreinsun á ónýtum byggingum s.s. eldri gróðurhúsum. Einnig þurfti að leggja í verulegar framkvæmdir vegna skemmda á hitaveitu staðarins. Haldið var áfram við langþráðar utanhússviðgerðir á Keldnaholti og sér nú orðið fyrir endann á þeim gagngeru endurbótum. Á Hvanneyri var ráðist í framkvæmdir í svokallaðri C-álmú í Ásgarði en þar stendur til að verði tilbúna á næsta ári 5 nýjar kennslustofur auk bókasafns með tilheyrandi vinnuáðstöðu fyrir nemendur. Þá var lokið við endurbyggingu elsta húss Hvanneyrar – Skemmunnar – en sú framkvæmd þykir hafa heppnast geysilega vel og mun húsið nýtast bæði kirkjunni á staðnum sem safnaðarheimili en einnig LbhÍ og samfélaginu á Hvanneyri fyrir ýmsa viðburði. Þá var á árinu haldið áfram við endurbætur á Halldórsfjósi fyrir starfsemi Landbúnaðarsafns Íslands. Einnig má geta þess að Gamli skóli á Hvanneyri þjónar nú orðið nýju hlutverki sem ódýr og góð gístaðstaða fyrir nemendur og aðra gesti Landbúnaðarháskólans. Má segja að þar sé húsið, sem verður brátt aldargamalt, aftur komið í sitt upphaflega hlutverk en þarna var heimavist Bændaskólans til húsa á árum áður.

Að lokum má geta þess að árið 2008 var LbhÍ útnefnd ein af fyrirmyndarstofnunum SFR – stéttarfélags í almannabágu og þetta árið var skólinn einnig í fremstu röð í þessu vali. Meðal starfsmanna og nemenda Landbúnaðarháskóla Íslands ríkir góður andi, hæfileg blanda af þrautseigju, bjartsýni og frumkvæði til góðra verka.

Bent hefur verið á að leiðin út úr kreppum og krísum sé meðal annars nýsköpun og frumkvöðlastarf sem sprettur fram úr mennta- og vísindastarfi háskólanna. Þessu höfum við hjá Landbúnaðarháskóla Íslands fulla trú á og viljum svo sannarlega leggja okkar af mörkum. Það gerum við best með því að standa áfram vel að því að sinna okkar tveimur meginverkefnum þ.e. að bjóða fram gott nám og stunda öflugar rannsóknir.

Atvinnulífið tekur breytingum – það höfum við upplifað. Áhugi fyrir starfsemi sem byggir á auðlindum okkar í sjó og á landi hefur aukist á ný og menn telja sig greina þar mörg tækifæri. Við hjá LbhÍ finnum svo sannarlega fyrir því að okkar námsgreinar og þau vísindi sem við stundum hafa fengið aukið vægi.

Ágúst Sigurðsson

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Ágúst Sigurðsson, rektor landbúnaðarháskóla Íslands.

Ásmundur Daði Einarsson, tilnefndur af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Varamaður hans er **Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir**.

Brynhildur Einarsdóttir, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra. Varamaður hennar er **Orri Páll Jóhannsson**.

Emma Eyþórsdóttir, tilnefnd af starfsmönnum LbhÍ.

Haraldur Benediktsson, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Jón Torfi Jónasson, tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands. Varamaður hans er **Rögnvaldur Ólafsson**.

Lilja Jóhannesdóttir, formaður nemendafélags LbhÍ, tilnefnd af stúdentaráði.

Stefán Kalmannsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Varamaður hans er **Stefán Logi Haraldsson**.

Þórhallur Bjarnason, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Auðlindadeild

Íslenskur landbúnaður þarf að uppfylla margvíslegar kröfur samfélagsins þar sem áherslur eru annars vegar á gæði, hollustu og öryggi afurða og hins vegar á hagkvæmni í rekstri og lágt verð á matvælum. Er þetta ekki hvað síst mikilvægt nú á tímum þegar öll aðföng og rekstrarleg umgjörð búanna hefur hækkað mikið. Jafnframt er áhugi neytenda vaxandi á umhverfisvernd og velferð búfænaðar sem íslenskir bændur þurfa einnig að laga búskaparhætti sína að.

Viðfangsefni auðlindadeildar eru nýting landkosta og innlendra búfjárstofna til þess að framleiða matvæli og aðrar afurðir. Meginmarkmið deildarinnar er að finna leiðir til þess að bæta nýtingu, lækka kostnað við framleiðslu og auka gæði en tryggja jafnframt að aukin hagkvæmni haldist í hendur við sjálfbæra nýtingu landsins. Starfsmenn við auðlindadeild voru 26 í árslok 2009 og inntu af hendi rúmlega 21 ársverk. Þeir búa yfir fjölbreyttri sérþekkingu, m.a. á sviði erfðafræði, lífeðlisfræði, fóðurfræði, næringarfræði, grasfræði og bútækni.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Haustið 2007 tók til starfa námsbraut í hestafræðum og er hún sameiginlegt verkefni LbhÍ og Háskólans á Hólum þar sem nemendur stunda nám á báðum stöðum og útskrifast með sameiginlega gráðu frá báðum skólunum. Nemendur í grunnnámi voru 68 í árslok. Framhaldsnám í búvísindum er vaxandi við deildina og á árinu 2009 stunduðu 6 nemendur rannsóknatengt meistaranám á ýmsum sviðum búvísinda. Doktorsnemar eru fjórir og vinna þeir allir að rannsóknum sem tengjast erfðafjölbreytni og kynbótum.

Rannsóknastarfið hefur líkt og undanfarin ár einkennst af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fóðrun búfjár og rannsóknum á eiginleikum búfjár og afurða þess. Á sviði jarðræktar er áfram unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunaraðferða þar sem kornræktin hefur vaxandi vægi í samhengi við aðra fóðurræktun. Kornræktin er eitt þeirra verkefna sem er unnið í nánun samstarfi við fjölda bænda og hefur sú samvinna skilað miklum árangri. Einnig hefur ræktun niturbindandi tegunda verið fyrirferðamikil auk rannsókna á hringrás næringarefna í jarðvegi og nýtingu þeirra. Í fóðurfræði er hámarksnýting næringarefna miðað við þarfir gripanna á hverjum tíma mikilvægt viðfangsefni, með sérstakri áherslu á fóðrun hámjólka kúa. Rannsóknastaða í sameindaerfðafræði á Keldnaholti hefur skapað möguleika á fjölbreyttum og spennandi verkefnum í erfðafræði íslenskra búfjárkynja og eru nokkur slík í gangi eða lokið. Rannsóknir í ylrækt hafa einnig átt sér sinn sess og við deildina starfar nú sérfræðingur á því sviði. Í gangi eru rannsóknir í tilraunagróðurhúsi skólans á Reykjum í Ölfusi þar sem áhersla er lögð á að meta áhrif mismunandi lýsingar á uppskeru og gæði papriku. Þetta verkefni er unnið í góðu samstarfi við finnska rannsóknaaðila og Samband garðyrkjubænda sem styrkja rannsóknirnar með myndarlegum hætti.

Nauðsynlegt er að huga vel að rannsóknum á gæðum íslenskra landbúnaðarafurða sem skipta miklu máli fyrir ímynd landbúnaðarins. Þar eigum við í góðu samstarfi við Matís og sérfræðinga hjá Háskóla Íslands. Samtímis er mikilvægt að stuðla að sjálfbærum búskaparháttum bæði hvað varðar ræktun lands og búpenings.

Áslaug Helgadóttir

Umhverfisdeild

Umhverfisdeild sinnir margháttuðum verkefnum á sviði menntunar og rannsókna er tengjast náttúru landsins. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda eru meðal helstu markmiða deildarinnar. Nám í umhverfisdeild skiptist í þrjár brautir, umhverfisskipulag sem Auður Sveinsdóttir veitir forstöðu, náttúra og umhverfi, sem Anna Guðrún Þórhallsdóttir veitir forstöðu, og landgræðsla og skógrækt, sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stýrir. Nemendum hélt áfram að fjölga við deildina. Tekin var ákvörðun um að bjóða upp á MS nám í skipulagsfræðum við skólann undir stjórn Sigríðar Kristjánsdóttur. Í upphafi var gert ráð fyrir samstarfi við HÍ um námið, en það gekk ekki eftir. Námið er þróað í nánú samstarfi við menntanefnd Skipulagsfræðingafélagsins.

Á árinu var haldinn einn deildarfundur, vinnufundur deildarinnar var haldinn í Brekkuskógi á vordögum, en á árinu voru jafnframt haldnir 5 deildarráðsfundir (nr. 11-15). Í deildarráði sátu Berglind Orradóttir, Helena Guttormsdóttir, Ólafur Arnalds, Ragnar Frank og Hlynur Óskarsson. Margrét Jónsdóttir var ritari deildarinnar. Inga Svala Jónsdóttir, prófessor og forstöðumaður Landgræðsluskólans hætti störfum við LbhÍ á árinu. Sigmundur Helgi Brink og Lilja Kristín Ólafsdóttir hófu störf. Meðal fræðimanna sem voru í gestastöðu við skólann voru Einar Sæmundsen og Bjarki Jóhannesson en þessir gestastarfsmenn hafa afar mikilvægt gildi fyrir starf deildarinnar. Berglind Orradóttir flutti sig um set og hóf störf hjá Landgræðsluskólanum. Starfsmenn deildarinnar voru 27 í lok ársins.

Þróun Landgræðsluskólans hélt áfram og verður sífellt stærri hluti af starfi deildarinnar. Jafnframt var haldið áfram uppbyggingu votlendisseturs og húsnæði Nautastöðvarinnar fengið til umráða. Undirrituð var viljayfirlýsing milli Rio Tinto Alcan og Votlendissetursins um að álverið veiti 40 milljóna króna framlag til fjögurra ára til endurheimta á votlendissvæðum. Votlendissetrið veiti ráðgjöf, finni svæði og útvegi aðila til framkvæmda. Votlendissetrinu barst styrkur frá Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitunnar til verkefnisins „Vistkerfi lághitasvæða í Borgarfirði“ þar sem gert er ráð fyrir tveimur námsverkefnum. Meðal rannsóknaverkefna sem unnið var að á árinu voru alþjóðlegu verkefni OATS verkefnið sem tengist ferðaþjónustu og lífrænum landbúnaði, MW Sonet og SheepSkills um sauðfé, öllu undir forystu Ragnhildar Sigurðardóttur. Af öðrum stórum rannsóknaverkefnum sem rekin eru til margra ára má nefna „KolBjörk“, „Skóg Vatn“, rannsóknir við uppgræðslur á Helligheiði, „NÁL“, auk rannsókna sem tengdust framræslu o.fl. Nokkrir MS nemar hafa unnið við þessi verkefni við skólann.

Ólafur Arnalds

Starfs- og endurmenntunardeild

Starfsmenntadeild

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrudgarðyrkju og ylraekt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2009 stunduðu alls 119 nemendur nám á starfsmenntabrautum LbhÍ. Í garðyrkju (í staðar- eða fjarnámi) voru 58 nemendur og í búfræði voru alls 38 nemendur staðarnemendur og 23 fjarnemar. Í annarlok var 21 nemandi brautskráður úr búfræði. Engar útskriftir eru frá Reykjum á oddatöluárum.

Nemendur eru teknir inn í búfræði árlega en einungis annað hvert ár á garðyrkjubrautir. Haustið 2009 voru teknir inn 23 nemendur í staðarnám í búfræði og 13 í fjarnám. Á garðyrkjubrautum mættu 55 nemendur til leiks um haustið þannig að heildarfjöldi nemenda starfsmenntabrauta var 125.

Árið 2009 voru 70 ár frá því Garðyrkjuskólinn á Reykjum var stofnaður. Af því tilefni var haldin fjölsótt afmælisráðstefna á Reykjum. Garðyrkjuverðlaun voru afhent á sumardaginn fyrsta á Reykjum og skeifudagurinn var haldinn hátíðlegur á Hvanneyri.

Endurmenntun LbhÍ

Endurmenntun LbhÍ hélt alls 157 námskeið árið 2009 með 2175 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin víða um land eða á 30 stöðum og í samstarfi við alla helstu fagaðila sem tengjast fagsviðum LbhÍ með einum eða öðrum hætti. Lögð hefur verið áhersla á námskeiðaraðir hjá endurmenntuninni. Árið 2009 voru alls 4 mismunandi námskeiðaraðir í boði, þ.e. Grænni skógar I og II og Reiðmaðurinn I og II. Alls voru 145 þátttakendur í námskeiðaröðunum, 77 í Grænni skógum I og II og 68 í Reiðmanninum I og II.

Auk þessa var fjöldinn allur af sérhæfðum fagnámskeiðum fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og má þar til dæmis nefna samstarf við Félag iðn- og tæknigreina, FIT, sem hefur unnið með endurmenntun LbhÍ að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til kennslu á námskeiðum fyrir garðyrkjufraeðinga.

Heilt yfir gekk starfsemi endurmenntunarinnar mjög vel á árinu. Töluverð aukning varð í veltu deildarinnar frá fyrra ári en heildarársvelta var um 34,4 milljónir.

Guðríður Helgadóttir

Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2009

Starfsmenntanám á framhaldsskólastigi	Arna Dögg Arnþórsdóttir	Búfræði
	Benedikt Hans Kristjánsson	Búfræði
	Davíð Logi Jónsson	Búfræði
	Guðni Jensson	Búfræði
	Guðrún Hildur Gunnarsdóttir	Búfræði
	Halldór Arnar Árnason	Búfræði
	Hlynur Guðmundsson	Búfræði
	Ingveldur Ása Konráðsdóttir	Búfræði
	Jóhannes Kristjánsson	Búfræði
	Jóhann Rúnar Sævarsson	Búfræði
	Jón Benedikts Sigurðsson	Búfræði
	Klemenz Karl Guðmundsson	Búfræði
	Kristinn Sævarsson	Búfræði
	Ragnhildur Steinunn Ólafsdóttir	Búfræði
	Sigríður Auðna G. Hjarðar	Búfræði
	Sigríður Ása Guðmundsdóttir	Búfræði
	Sigurður Ingi Einarsson	Búfræði
	Vilberg Þráinsson	Búfræði
	Þóranna Másdóttir	Búfræði
	Elín Anna Skúladóttir	Búfræði - fjarnám
	Þórhildur Þorsteinsdóttir	Búfræði - fjarnám
	Birgir Örn Smáráson	Skrúðgarðyrkjubraut
	Einar Friðrik Brynjarsson	Skrúðgarðyrkjubraut
	Guðjón Rafnsson	Skrúðgarðyrkjubraut
	Gunnlaugur Dan Hafsteinsson	Skrúðgarðyrkjubraut
	Hákon Arnarson	Skrúðgarðyrkjubraut
Siggeir Ingólfsson	Skrúðgarðyrkjubraut	
Sævar Gunnlaugsson	Skrúðgarðyrkjubraut	

Háskólanám	Einar Kári Magnússon	BS	Búvísindi
	Eyjólfur Ingvi Bjarnason	BS	Búvísindi
	Lára Björk Sigurðardóttir	BS	Búvísindi
	Sveinn Rúnar Ragnarsson	BS	Búvísindi
	Úlfhildur Ída Helgadóttir	BS	Búvísindi
	Vilborg Hjördís Ólafsdóttir	BS	Búvísindi
	Berglind Ósk Óðinsdóttir	MS	Búvísindi
	Sigtryggur Veigar Herbertsson	MS	Búvísindi
	Tryggvi Sturla Stefánsson	MS	Búvísindi
	Hannes Þór Hafsteinsson	BS	Búvísindi með áherslu á garðyrkju
	Halla Kjartansdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Jóhannes Már Gylfason	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Jónína Svavarsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Almenn náttúrufræði
	Ásta Kristín Guðmundsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Berglind Ósk Þ. Þórólfsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Helga Ösp Jónsdóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Jón Björnsson	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Sigmundur Helgi Brink	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Silja Sigurðardóttir	BS	Náttúra og umhverfi - Náttúrunýting
	Magnús Þór Einarsson	BS	Skógfræði og landgræðsla - Skógfræði
	Brynja Hrafnkelsdóttir	MS	Skógfræði
	Anna Katrín Svavarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Edda Soffía Karlsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Eyrún Helga Ævarsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Guðrún Björk Benediktsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Guðrún Lilja Jónsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Helga Rún Guðmundsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Hildur Dagbjört Arnardóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Hjördís Sigurðardóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Lena Rut Kristjánsdóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Snædís Laufey Bjarnadóttir	BS	Umhverfisskipulag
	Sólveig Helga Jóhannsdóttir	BS	Umhverfisskipulag

Rannsóknasvið

Haustið 2009 voru akademískir starfsmenn við Landbúnaðarháskóla Íslands samtals 46, af 121 starfsmanni á launaskrá, í tæplega 43 stöðugildum eða um 42% af heildarstöðugildum við stofnunina (1. tafla). Prófessorar voru 10, dósentar 5 og lektorar 15. Starfa þeir allir jöfnum höndum við kennslu og rannsóknir. Aðrir akademískir starfsmenn voru 16 og eru þeir fyrst og fremst í verkefnum sem tengjast rannsóknum. Um 44% akademískra starfsmanna er með doktorspróf.

1. tafla Akademískir starfsmenn við LbhÍ 1. október 2009 og menntun þeirra					
	BSc	MSc	PhD	Alls	Hlutfall með PhD
Prófessorar (ásamt rektor)	-	-	10	10	100%
Dósentar	-	2	3	5	60%
Lektorar	-	10	5	15	33%
Fastráðnir stundakennarar	2	-	-	2	0
Aðrir akademískir starfsmenn	7	6	3	16	19%
Samtals	9	18	21	48	
Hlutfall	19%	37%	44%		

Skólinn er með sérstakan samning við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (SLR) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2009-2012. Með samningnum skuldbindur skólinn sig til þess að sinna verkefnum sem renna stoðum undir meginstef landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem eru að:

- tryggja framboð matvæla í hæsta gæðaflokki samfara sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins,
- stuðla að bestu mögulegri framleiðni og þar með hagkvæmni og samkeppnisferu verði framleiðslunnar,
- tryggja búsetu og varðveita menningu og rækta hlut landbúnaðarins í byggðapróun og atvinnutækifærum til sveita,
- stuðla að landbótum með landgræðslu og skógrækt.

Í samræmi við þetta er rannsóknaverkefnum skólans skipt upp í fimm meginflokka sem eru Frumframleiðsla og fæðuöryggi, Byggðapróun og nýsköpun, Skógrækt og landgræðsla, Umhverfisrannsóknir og Hagfræðirannsóknir.

Rannsóknastarf skólans mótast af tekjum til rannsókna. Niðurskurður á fjárlögum kemur fyrst og fremst fram á rannsóknahlutanum því skólinn verður að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart nemendum sínum.

Á árinu var sett á laggirnar Sprotinn – Frumkvöðla- og tækniþróunarsetur við skólann í samstarfi við Atvinnuráðgjöf Vesturlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Hér er um að ræða vettvang starfsfólks og nemenda LbhÍ, atvinnulífs og samstarfsstofnana á sviði matvælaframleiðslu, þjónustulandbúnaðar, náttúrufræða og umhverfismála til atvinnusköpunar.

Heildarkostnaður vegna rannsókna var um 661 milljónir kr. á árinu 2009. Skólinn fékk 168,5 milljónir kr. í gegnum samninginn við SLR. Því til viðbótar voru sértekjur 115,9 milljónir kr. (2. tafla). Annar kostnaður vegna rannsókna var greiddur af framlagi MMR til skólans. Stærsti málaflokkurinn eru *Frumframleiðsla og fæðuöryggi* en *Garðyrkja* hefur einnig notið góðs af heilladrjúgu samstarfi við Samband garðyrkjubænda á liðnum árum sem styrkt hafa rannsóknirnar myndarlega með framlagi úr Þróunarsjóði garðyrkjunnar.

2. tafla. Sértekjur LbhÍ árið 2009.	Millj. kr.
Frumframleiðsla og fæðuöryggi	57,0
Garðyrkja	23,2
Byggðapróun og nýsköpun	6,5
Skógrækt og landgræðsla	13,9
Umhverfisrannsóknir	15,3
Hagfræði	-
Samtals	115,9

Á árinu var unnið að fjölda rannsóknaverkefna sem eru listuð hér að aftan. Starfsmenn koma niðurstöðum rannsókna sinna til skila með ýmsum hætti. Mest áhersla er lögð á að þeir birti greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum og á þeim vettvangi voru birtar 12 greinar á árinu. Einnig eru starfsmenn hvattir til þess að skrifa greinar í innlend rit, og jafnvel dagblöð, og taka virkan þátt í fræðslufundum og námskeiðahaldi á vegum Endurmenntunar LbhÍ.

Rannsóknarnámi hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum og er það nú orðið drjúgur þáttur í rannsóknastarfi skólans (3. tafla).

3. tafla. Fjöldi nemenda á framhaldsstigi – skráðir og útskrifaðir		
	Framhaldsnemar haust 2009	Útskrifaðir 2009
M.Sc.	32	4
Ph.D.	6	-

Helstu rannsóknarverkefni í gangi árið 2009

Frumframleiðsla og fæðuöryggi

Sjálfbær nýting erfðaauðlinda

- Erfðafjölbreytni í hvítmára af ólíkum uppruna
- Kynbætur hvítmára (samstarf við Graminor)
- Norrænar erfðaauðlindir vallarfoxgrass
- Erfðafjölbreytni í norrænni hvönn
- Kynbætur háliðagrass
- Kynbætur byggyrkja með hefðbundnum aðferðum
- Erfðastuðlar kjöteiginleika
- Blendingsrækt í sauðfé
- Verðmæti íslenska kúastofnsins
- Uppruni íslenska hestsins
- Litir í hrossum
- Erfðabreytileiki í kúastofninum
- Erfðafjölbreytni í íslenska geitastofninum
- Erfðafjölbreytni í íslenskum landnámsheimum
- Kynbótamat búfjár (BLUP-reikningar fyrir BÍ)
- Kynbótamat bleikju
- Tengsl byggingar og hæfileika íslenskra hrossa
- Kynbótamat og erfðatengsl keppnis-eiginleika og dæmdra eiginleika hjá íslenskum hestum

Hringrás næringarefna

- Niturbúskapur hvítmáratúna
- Breytingar á ræktunareiginleikum jarðvegs (langtímaáburðartilraunir)
- Hringrás N í eldfjallajörð
- Áhrif grasræktar á C og N í jarðvegi
- Svepprót og niturbinding
- Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum
- Dreifingartími mykju
- Áburðarsvörun túna
- Innleiðing Norfor- fódurmatskerfisins fyrir mjólkurkúr –í samvinnu við BÍ
- Þróun á fódurmatskerfum fyrir sauðfé og nautgripi í vexti innan Norfor

Fóðuröflun og fjölbreytt framleiðslukerfi

- Smárablöndur og áhrif N-áburðar
- Grasræktartilraunir og yrkisprófanir
- Vestnorrænar yrkisprófanir
- Kornrækt og sáðskipti
- Verkun heilsæðis

- Kvígur 24
- Hraustar kýr
- Geldstöðufóðrun mjólkurkúa
- Kjarnfóður fyrir mjólkurkúr
- Framleiðsla ungnautakjöts
- Fóðuröflun sauðfjárþúna

Heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir

- Dreifing fjár á sumarreit
- Atferli hrossa í misstórum stúum
- Atferli hrossa í stóði
- Dreifing hreindýra
- Legusvæði fyrir kálfa og kvígur
- Tækni við mjólkurfóðrun kálfa
- Hross í hollri vist
- Velferð mjólkurkúa
- Vanhöld lamba
- Burðarvaki – samstarf við NMÍ
- Áhrif lausra fitusýra í mjólk
- Áhrif erfða og fóðrunar á eiginleika mjólkur
- Mjólkurprótein í geitamjólk
- Fitusýrur í lambakjöti
- Selenhagur íslenskra kvenna
- Hollusta korns til manneldis á norðurslóð (Norrænt öndvegissetur - HELGA)
- Hollefni í beitargróðri
- Bygg til manneldis

Garðyrkja

- Áhrif lýsingar á ræktun papriku í ylækt
- Ræktun papriku í lífrænum búskap
- Stofnrækt kartaflna
- Kartöfluafrigði og áburður
- Ræktunartækni við berjaframleiðslu
- Yndisgróður
- Skjólbeltarannsóknir
- Hleðsla birkiplantna
- Hagnýting sveppróta
- Frærækt innlendra landbótaplantna
- Yrkisprófanir fyrir golfplatargrös
- Upphitun golfvalla

Byggðapróun og nýsköpun

- Afmörkun á erfðabreyttu byggi til framleiðslu á lífvirkum próteinum
- Íslensk hráefni til undirburðar
- Olíufrærækt
- Nýting á lífrænum úrgangi til orkuframleiðslu
- Eldsneyti úr innlendu hráefni

- Hálendisvegir, sjónræn áhrif og vegstaðlar fyrir útivistarvegi á hálendinu
- Ferðamannastaðir, skipulag og sjónræn áhrif

Skógrækt og landgræðsla

- Erfðabreytileiki asparryðs
- Þróun vistkerfa við landgræðslu
- Endurheimt staðargróðurs á röskuðum hálendissvæðum
- Notkun svarðlags vegna uppgræðslu
- Ræktun á röskuðum svæðum
- Kolbjörk – Þróun vistkerfa í endurheimtum birkiskógum
- Skógvatn – Áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnalíf, vatnsgæði og vatnshag
- Langtímarannsóknir í skógrækt: tegundasamsetning og þéttleiki
- Skógvist – Áhrif skógræktar á líffræðilegan fjölbreytileika, jarðveg og kolefnisbindingu
- Hekluskógar
- Landbætur á sandsvæðum
- Vistheimt á Norðurlöndum

Umhverfisrannsóknir

- Ýmir – gagnagrunnur um íslenskan jarðveg
- Nytjaland

- Þáttur úrkomu, jarðvegsraka og þurrktímabila í ofhitnun jarðstrengja
- Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jökulskerja
- Rannsóknir á landnámi og vistkerfismyndun á Surtsey
- Losun hláturgass og annarra gróðurhúsalofttegunda úr lífrænum jarðvegi við mismunandi landnotkun
- Norrænt öndvegissetur um rannsóknir á vistkerfisþjónustu skóga
- Norrænt tengslanet um kolefnisrannsóknir
- Landnýtingargrunnur og bindibókhald (LULUCF)
- Áhrif loftslagsbreytinga og landnýtingar á hálendisvistkerfi Íslands – ITEX samstarf
- Langtíma umhverfissvöktun á vatnasviði í Borgarfirði
- Sinubruni á Mýrum
- Mýrlendi á norðurslóðum
- Kolefnisjöfnuður á norðurslóðum
- Niðurbrot á PCB

Hagfræði

Engin verkefni á dagskrá árið 2009

Rekstrar- og þjónustusvið

Bókasafnið rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða. Starfsmenn bókasafns eru tveir.

Kennsluskrifstofa sér um móttöku og skráningu nemenda, stundarskrágerð og annað sem varðar skipulag á kennslu, próftöflugerð, prófahald, ferilskrá nemenda og útskriftir skírteina, vottorða o.fl.

Tölvuþjónusta annast rekstur tölvukerfa og gagnaveitna auk umfangsmikillar vefumsjónar, m.a. í samvinnu við aðrar landbúnaðarstofnanir. Fjórir starfsmenn eru við tölvuþjónustuna.

Búrekstur skólans samanstendur af blönduðu kúa- og fjárbúi á Hvanneyri og Hesti annars vegar og kúabúi á Möðruvöllum hins vegar. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina og hornsteinn íslenskra landbúnaðarvísinda.

Tilraunaaðstaða

Á *Hvanneyri í Borgarfirði* er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðrækta- og umhverfisrannsókna ásamt orkuvísindum.

Á *Hesti í Borgarfirði* er tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbætur og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

Á *Möðruvöllum í Hörgárdal* er tilraunafjós, fræ- og kalrannsóknastofa ásamt aðstöðu til jarðræktarrannsókna.

Á *Stóra-Ármót í Flóahreppi* er rekið tilraunabú í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þar er tilraunafjós og öll aðstaða til fóðrunarrannsókna.

Á *Reykjum í Ölfusi* er fullkomið gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylrækt og uppeldi plantna. Útíaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna

Á *Korpu við Blikastadaveg* er aðstaða fyrir jarðræktarrannsóknir. Þar eru hundruð tilraunareita, auk gróðurhúss fyrir uppeldi og kynbætur.

Efnagreiningastofur eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti. Þáttur í starfsemi rannsókna-stofanna er þjónusta við bændur vegna heysýna og jarðvegssýna en þær eru einnig í stöðugri notkun vegna verkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindaerfðafræði og til mælinga á gróðurhúsalofttegundum.

Fjármál

Rekstrarskrifstofa annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni.

	Reikningur 2009	Reikningur 2008
Tekjur		
Sértekjur	662.602	611.224
Aðrar rekstrartekjur	23.894	23.001
Tekjur samtals	686.496	634.225
Gjöld		
Almennur rekstur	1.213.525	1.270.997
Gjöld samtals	1.213.525	1.270.997
Tekjur umfram gjöld	-527.029	-636.772
Framlag úr ríkissjóði	563.131	487.078
Hagnaður/tap ársins	36.102	-149.694

Útgáfa

Rit LbhÍ nr. 25. Mælingar á vindrofi á Hólsfjöllum. Ólafur Arnalds og Fanney Ósk Gísladóttir, 2009, 43 bls.

Rit LbhÍ nr. 24. Ræktun repju og nepju til olíuframleiðslu og uppgræðslu. Þóroddur Sveinsson og Jónatan Hermannsson, 2009, 30 bls.

Rit LbhÍ nr. 23. Sjónræn áhrif og upplifun á útivistarvegi í Eldhrauni og Laka. Ragnar Frank Kristjánsson og Snævarr Guðmundsson, 2009, 19 bls.

Rit LbhÍ nr. 22. Jarðræktarrannsóknir 2008. Ritstjóri: Þórdís Anna Kristjánsdóttir, 2009, 32 bls.

Rit LbhÍ nr. 21. Evaluation of Primo MAXX® on a golf course in Iceland. Þórdís Anna Kristjánsdóttir og Guðni Þorvaldsson, 2009, 15 bls.

Rit LbhÍ nr. 20. Varmalosun frá jarðstrengjum - áhrif þurrkatíðar á Nesjavallastreng. Einar Sveinbjörnsson og Berglind Orradóttir, 2009, 16 bls.

Rit LbhÍ nr. 18. Jarðræktarrannsóknir 2007. Ritstjóri: Þórdís Anna Kristjánsdóttir, 2009, 41 bls.

Að auki gefur Landbúnaðarháskóli Íslands út **Icelandic Agricultural Sciences** í samstarfi við aðrar stofnanir.

Ritaskrá starfsmanna – ritrýnt efni

Machteld C. VanDierendonck, Han de Vries, Matthijs B.H. Schilder, Ben Colenbrander, **Anna Guðrun Þórhallsdóttir** and Hrefna Sigurjónsdóttir 2009. Interventions in social behaviour in a herd of mares and geldings. *Applied Animal Behaviour Science* 116, 67–73.

Ása L. Aradóttir 2009. Landgræðsla, líffræðileg fjölbreytni og náttúruvernd. *Náttúrufræðingurinn* 78, 13–20.

Bjarni D. Sigurðsson 2009. Ecosystem carbon fluxes of *Leymus arenarius* and *Honckenya pebloides* on Surtsey in relation to water availability: a pilot study. *Surtsey Research* 12, 77-80.

Brynhildur Bjarnadóttir, **Bjarni D. Sigurðsson** and Anders Lindroth 2009. Seasonal and annual variation of carbon fluxes in a young Siberian larch (*Larix sibirica*) plantation in Iceland. *Biogeosciences* 6, 2895-2906.

Jan Weslien, Leena Finér, Jon A. Jonsson, Harri Koivusalo, Ari Laurén, Thomas Ranius and **Bjarni D. Sigurðsson** 2009. Effects of increased forest productivity and warmer climates on carbon sequestration, runoff water quality and accumulation of dead wood in a Boreal landscape: a modeling study. *Scandinavian Journal of Forest Research* 24, 333-347.

Katri Kostianen, Seija Kaakinen, Pekka Saranpää, **Bjarni D. Sigurðsson**, Sven-Olof Lundqvist, Sune Linder and Elina Vapaavuori 2009. Stem wood properties of mature Norway spruce after three years of continuous exposure to elevated carbon dioxide and temperature. *Global Change Biology* 15, 368-379.

Bernardo Chessa, Filipe Pereira, Frederick Arnaud, Antonio Amorim, Félix Goyache, Ingrid Mainland, Rowland R. Kao, Josephine M. Pemberton, Dario Beraldi, Michael J. Stear, Alberto Alberti, Marco Pittau, Leopoldo Iannuzzi, Mohammad H. Banabazi, Rudovick R. Kazwala, Ya-ping Zhang, Juan J. Arranz, Bahy A. Ali, Zhiliang Wang, Metehan Uzun, Michel M. Dione, Ingrid Olsaker, Lars-Erik Holm, Urmas Saarma, Sohail Ahmad, Nurbiy Marzanov, **Emma Eyþórsdóttir**, Martin J. Holland, Paolo Ajmone-Marsan, Michael W. Bruford, Juha Kantanen, Thomas E. Spencer and Massimo Palmarini 2009. Revealing the History of Sheep Domestication Using Retrovirus Integrations. *Science* 324, 532-536.

Hafdís Hanna Ægisdóttir, P. Kuss and J. Stöcklin 2009. Isolated populations of a rare alpine plant show high genetic diversity and considerable population. *Annals of Botany* 104, 1313-1322.

Rhoades, C., D. Binkley, **Hlynur Óskarsson** and B. Stottlemeyer 2009. Soil nitrogen accretion along a floodplain terrace chronosequence in northwest Alaska: Influence of the nitrogen-fixing shrub *Shepherdia canadensis*. *Ecoscience* 15, 223-230.

Bauer G.L., C. Praetorius K. Bergsteinsdóttir, **Jón Hallsteinn Hallsson**, B.K. Gísladóttir, A. Schepsky, D.A. Swing, T.N. O'Sullivan, H. Arnheiter, K. Bismuth, J. Debbache, C. Fletcher, S. Warming, N.G. Copeland, N.A. Jenkins and E. Steingrímsson 2009. The role of MITF phosphorylation sites during coat color and eye development in mice analyzed by bacterial artificial chromosome transgene rescue. *Genetics* 183, 581-94.

Gunnarsdóttir I., B.E. Gunnarsdóttir, A.J. Johannesson, A. Maage, **Laufey Steingrímisdóttir** and I. Thorsdóttir 2009. Iodine status of adolescent girls in Iceland. *Annals of Nutrition and Metabolism*, 55, Supplement 1, 298-298.

Ólafur Arnalds og **Hlynur Óskarsson** 2009. Íslenskt jarðvegskort. *Náttúrufræðingurinn* 78, 107-121.

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti
Anna Guðrún Þórhallsdóttir	Prófessor, brautarstjóri
Anna Sif Ingimarsdóttir	Rannsóknamaður
Arngrímur Thorlacius	Dósent
Atli Már Ingólfsson	Lögfræðingur
Auður Sveinsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Ágúst Sigurðsson	Rektor
Ágústa Erlingsdóttir	Námsbrautarstjóri
Álfheiður B Marinósdóttir	Kennslustjóri
Ása Lovísa Aradóttir	Prófessor
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Lektor
Áskell Þórisson	Forstöðumaður útgáfumála
Áslaug Helgadóttir	Prófessor, aðstoðarrektor rannsóknamála og deildarforseti
Beatrix Fiona Erler	Sérfræðingur
Berglind Orradóttir	Sérfræðingur
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Prófessor, brautarstjóri
Bjarni Eyjólfur Guðleifsson	Lektor
Bjarni Guðmundsson	Prófessor
Björgvin Örn Eggertsson	Verkefnisstjóri
Björn Kristjánsson	Rekstrarstjóri fasteigna
Björn Þorsteinsson	Prófessor, aðstoðarrektor kennslumála
Bragi Líndal Ólafsson	Sérfræðingur
Brita Kristina Berglund	Sérfræðingur
Christina Maria Stadler	Sérfræðingur
Dagný Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Edda Þorvaldsdóttir	Kennari
Elías Óskarsson	Garðyrkjufræðingur
Elísabet Axelsdóttir	Rannsóknamaður
Elsa Albertsdóttir	Doktorsnemi
Emma Eyþórsdóttir	Dósent, brautarstjóri
Emma Heiðrún Birgisdóttir	Rannsóknamaður
Eyjólfur Kristinn Örnólfsson	Sérfræðingur
Fanney Ósk Gísladóttir	Sérfræðingur
Grétar Einarsson	Lektor
Grétar Hrafn Harðarson	Lektor
Guðjón Helgi Ólafsson	Umsjónarmaður fasteigna
Guðjón Helgi Þorvaldsson	Kerfisstjóri
Guðni Þorvaldsson	Dósent
Guðríður Helgadóttir	Forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar
Guðrún Bára Sverrisdóttir	Ræstitæknir
Guðrún Brynja Bárðardóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir	Námsbrautarstjóri
Guðrún Lárusdóttir	Endurmenntunarstjóri
Guðrún Þórðardóttir	Bókasafnsfræðingur
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir	Doktorsnemi

Nafn	Starfsheiti
Hafdís Hanna Ægisdóttir	Forstöðumaður Landgræðsluskólans
Hafdís Rut Pétursdóttir	Launafulltrúi
Halldór Sverrisson	Lektor
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Hákon Ásgeirsson	Ræstitæknir
Helena Guttormsdóttir	Kennari
Helena Marta Stefánsdóttir	Mastersnemi
Helgi Björn Ólafsson	Kennari
Helgi Gissurarson	Starfsmaður bús
Hjörtur Hjartarson	Kerfisfræðingur
Hlynur Óskarsson	Sérfræðingur
Holger Markus Hansen	Sérfræðingur
Ingibjörg Garðarsdóttir	Deildarfulltrúi
Ísabella Lárusdóttir	Ræstitæknir
Járngerður Grétarsdóttir	Lektor
Jófríður Leifsdóttir	Rannsóknamaður
Jóhannes Sveinbjörnsson	Dósent
Jóhannes Þór Ellertsson	Kennari
Jón Gíslason	Kennari
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Guðmundsson	Lektor
Jón Hallsteinn Hallsson	Lektor
Jón Kristófer Arnarson	Kennari
Jónatan Hermannsson	Lektor
Kári Aðalsteinsson	Garðyrkjustjóri
Kolbrún Anna Örlygsdóttir	Ræstitæknir
Kristín Siemsen	Bókari
Kristín Theodóra Ragnarsdóttir	Skrifstofustjóri
Laufey Steingrímsdóttir	Prófessor
Lárus Stefán Ingibergsson	Umsjónarmaður fasteigna
Lilja Kristín Ólafsdóttir	Kennari
Mads Stub Joergensen	Starfsmaður bús
Magnús Jónsson	Lektor
Magnús Þór Einarsson	Mastersnemi
Margot Johanna Backx	Sérfræðingur
Margrét Ágústa Jónsdóttir	Deildarfulltrúi
Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir	Mastersnemi
Oddbjörg Leifsdóttir	Ræstitæknir
Oddný Sólveig Jónsdóttir	Fulltrúi
Ólafur Gestur Arnalds	Prófessor, deildarforseti
Pálmi Gautur Sverrisson	Mastersnemi
Ragnar Christiansen	Garðyrkjufræðingur
Ragnar Frank Kristjánsson	Lektor
Ragnhildur Sigurðardóttir	Lektor
Rannveig Anna Guicharnaud	Lektor
Reynir Aðalsteinsson	Kennari

Nafn	Starfsheiti
Ríkarð Brynjólfsson	Prófessor
Samson Bjarnar Harðarson	Lektor
Sara Elíasdóttir	Fulltrúi
Sigmundur Helgi Brink	Rannsóknamaður
Sigríður Dalmannsdóttir	Lektor, starfsmaður Landgræðsluskólans
Sigríður Kristjánsdóttir	Lektor
Sigtryggur Veigar Herbertsson	Verkefnisstjóri
Sigvaldi Jónsson	Verkefnisstjóri
Sindri Gíslason	Starfsmaður bús
Snorri Sigurðsson	Verkefnisstjóri
Steinunn Sigríður Ingólfssdóttir	Bókasafnsfræðingur
Svala Sigurgeirsdóttir	Sérfræðingur
Svava Bjarnadóttir	Ræstitæknir
Svava Sjöfn Kristjánsdóttir	Fulltrúi
Sveinbjörg Brynja Jónsdóttir	Matráður
Tryggvi Eiríksson	Sérfræðingur
Tryggvi Gunnarsson	Sérfræðingur
Úlfur Óskarsson	Lektor
Védís Guðjónsdóttir	Rannsóknamaður
Vigdís Guðjónsdóttir	Tölvuumsjónarmaður
Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir	Alþjóðafulltrúi
Þorkell Þórðarson	Starfsmaður bús
Þorsteinn Guðmundsson	Prófessor
Þorvaldur Árnason	Prófessor
Þorvaldur Kristjánsson	Doktorsnemi
Þorvaldur Tómas Jónsson	Rekstrarstjóri
Þórdís Anna Kristjánsdóttir	Sérfræðingur
Þórey Ólöf Gylfadóttir	Sérfræðingur
Þóroddur Sveinsson	Lektor
Þórunn Edda Bjarnadóttir	Deildarfulltrúi
Þórunn Reykdal	Kennari

Brautskráning LbhÍ í Reykholtskirkju 29. maí 2009

Ávarp rektors

Útskriftarnemar, starfsfólk, aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar útskriftarhátíðar en þetta er fimmta vorið sem nemendur eru brautskráðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Einn sérstæðasti vetur í manna minnum er nú að baki. Veðráttan var rysjótt en í henni liggur þessi sérstaða reyndar ekki. Veturinn sem nú hefur kvatt verður nefnilega lengi í minnum hafður fyrir þær sakir að þá fór efnahagskerfi heims og sér í lagi Íslands á hliðina með brauki og bramli.

Þessi efnahagskreppa er okkur ofarlega í huga – í rauninni hefur um fátt annað verið fjallað á Íslandi síðustu átta mánuði. Þúsundir Íslendinga hafa orðið fyrir umtalsverðum búsisfjum í kjölfar hennar og sér ekki fyrir endann á þeim ósköpum. Í flestum tilvikum er um að ræða fólk sem ber enga sök á ástandinu en líður fyrir ákvarðanir – og oft á tíðum skort á þeim.

Þetta er staðreynd sem blasir við okkur og nú er ekki um annað að velja en bretta upp ermar og hefja uppbyggingarstarf. Ný sókn fyrir Ísland kemur ekki af sjálfu sér - þar þurfum við að beita útsjónarsemi, aðhaldi, ráðdeild, frjórri hugsun, nýsköpun, þekkingu, dugnaði, úthaldi og raunar öllu sem til gagns má verða og síðast en ekki síst vera full bjartsýni á framtíð lands og þjóðar.

Kona nokkur að nafni Helen Adams Keller var uppi á fyrri hluta síðustu aldar, fæddist með þeim ósköpum að vera það sem kallað er daufblind þ.e. án heyrnar og sjónar. Fyrsta skeið ævi sinnar lifði hún í algjörrri einangrun frá umheiminum sökum fötlunar sinnar en kennara hennar tókst með þrautseigju að ná til stúlkunnar þannig að henni urðu flestir vegir færir, útskrifaðist m.a. með BA gráðu fyrst daufblindra í heiminum og varð þekktur rithöfundur. Ungfrú Keller þakkaði árangur sinn fyrst og fremst þrautseigju og bjartsýni – bjartsýni er lykilatriði. Hún lýsir þessu best sjálf með þessum hætti: ***Enginn svartsýnismaður hefur nokkru sinni leyst ráðgátur stjörnugeimsins, enginn svartsýnismaður hefur siglt til ókannaðra landa og enginn svartsýnismaður hefur opnað mannsandanum nýjar víddir.***

Hleypum svartsýninni ekki að – hún drepur allt í dróma. Glasið er hálf-fullt ekki hálf-tómt! Krísa eða kreppa boðar ekki bara hættur heldur líka ný tækifæri.

Árið 2009 er mikið tímamótaár fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands. Á þessu ári eru 120 ár liðin frá því að fyrsti nemandinn innritaðist til náms á Hvanneyri sem markar upphaf skólastarfs á staðnum. Þá eru nú liðin 70 ár frá upphafi garðyrkjumenntunar og markar þannig árið 1939 upphaf starfsins á Reykjum í Ölfusi þar sem höfuðstöðvar garðyrkjunáms okkar eru. Þessu til viðbótar eru nú í vor 60 ár liðin frá því að fyrstu búfræðikandidatarnir útskrifuðust en þann lærdómstitil báru háskólamenntaðir Hvanneyringar allt til ársins 1999.

Yfir þessu ber að gleðjast sérstaklega og staðfestir jafnframt að þó LbhÍ sé einungis á fimmta ári, þá byggjum við á langri og traustri sögu – starfsemi LbhÍ er í stöðugri þróun, viðfangsefnin breytast með tímanum – en við erum engin bóla – við höfum verið hér lengi og erum komin til að vera!

Í dag eru brautskráðir nemendur úr háskóladeildum og starfsmenntanami í búfræði. Hér er því um að ræða mikinn hátíðisdag í starfi skólans í því hlutverki hans að veita fólki haldgóða menntun. Talað er um að hlutverk háskóla séu ferns konar: Að mennta, rannsaka og þjónusta samfélag og varðveita þekkingu. LbhÍ

tekur öll þessi hlutverk sín alvarlega en segja má að rannsóknahlutinn sé þó sínu fyrirferðarmestur í starfinu eða nálægt 60% af heildarstarfseminni. Sá hluti starfsins hefur verið með miklum blóma undanfarið og mörg mikilvæg rannsóknaverkefni í gangi, auk þess sem ágætlega hefur gengið að afla þessum verkþáttum rannsóknastyrkja sem er hið lífsnauðsynlega súrefni.

Mikilvægt hlutverk skólans gagnvart atvinnulífi og samfélagi er endurmenntunarstarfið. Í gegnum endurmenntunardeildina fara nú árlega yfir 1500 manns og hefur þátttakan farið mjög vaxandi. Nýjar leiðir hafa verið þar í boði s.s. grænni skógar og reiðmaðurinn sem er samhangandi röð einingarbærra námskeiða. Þá má nefna tilraunaverkefni okkar og Landgræðslunnar og utanríkisráðuneytisins um landgræðsluskóla þar sem efnilegum vísindamönnum frá þeim þróunarlöndum, sem kljást við landeyðingu, er boðið hingað til okkar, í sérstakt þjálfunar-prógramm. Þegar hafa verið útskrifaðir tveir hópar nemenda úr þessu tilraunaverkefni og sá þriðji er hér nú til sex mánaða dvalar.

Þetta verkefni hefur gengið gríðarlega vel og hefur nú að aflokinni formlegri úttekt yfirvalda fengið gæðastimpil og heilbrigðisvottorð þannig að frá og með næstu áramótum mun verkefnið verða einn af skólum Háskóla sameinuðu þjóðanna og sá þriðji hér á landi, fyrir eru sjávarútvegsskólinn og jarðhitaskólinn. Þessir skólar eru mikilvægur hluti framlags Íslands til þróunarsamvinnu - að hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft og að auki tiltölulega ódýr leið þar sem um er að ræða kostnað sem að langstærstum hluta fellur til hér heima – í íslenskum eðal-krónum.

Allir háskólar landsins reyndu að bregðast við efnahagsáfallinu í haust með uppbyggjandi hætti m.a. með því að opna á innritun nemenda við áramót. Þetta var einnig gert hjá LbhÍ en að auki ákváðum við að setja á fót verkefnið Sprotinn – atvinnusmiðja sem upphaflega var hugsað sem vettvangur fyrir nemendur og starfsmenn LbhÍ fyrir nýhugsun í atvinnuefningu. Þetta verkefni hefur síðan verið að þróast yfir í vel skilgreint frumkvöðlasetur á Hvanneyri með aðkomu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Atvinnuráðgjafar Vesturlands. Vonir standa til að hægt verði að efla þessa starfsemi og hún geti orðið bein og mikilvæg tenging skólans við atvinnulífið.

Allt er þetta liður í að nýta þá aðstöðu og þekkingu sem býr innan skólans samfélaginu til gagns.

Tvö önnur verkefni með samfélagslega skírskotun langar mig að nefna. Verkefni sem bæði eru í takt við nýja menntastefnu þjóðarinnar er gengur meðal annars út á að skólar á öllum stigum nýti sína sérstöðu með nemandann í forgrunni og sveigjanleika og samfelli milli skólastiga að leiðarljósi. Annars vegar það sem við höfum kallað Vísindaviku og felst í því að við í samstarfi við framhaldsskóla hér á Vesturlandi bjóðum til okkar hópi áhugasamra nemenda á sviði náttúrufræði úr þessum skólum. Nemendurnir dvelja hjá okkur í viku og vinna með vísindafólki okkar á ýmsum sviðum. Fá þannig að taka þátt í starfinu, fræðast og skynja beint og milliliðalaust út á hvað náttúruvísindin ganga.

Hitt verkefnið sem mig langar að nefna er það sem við höfum nefnt „Lengi býr að fyrstu gerð“ og er samstarf okkar við leik- og grunnskólana á Hvanneyri þar sem börnin og kennarar þeirra fá aðgang að okkar aðstöðu og vísindafólki okkar og kennurum. Þessi viðfangsefni eru liður í því að opna dyr Landbúnaðarháskóla Íslands, auka skilning á starfseminni og efla fræðslustarfið þvert á skólastigin – samfélaginu til gagns.

Nú um stundir er rannsóknatengt nám í miklum vexti en slíkt nám var áður undantekningalítið tekið erlendis en er nú að færast heim að stórum hluta. Þetta kallar á mikla samvinnu innlendra háskóla, því rekstur námsáfanga fyrir þetta nám er dýr auk þess sem við þurfum á allri tiltækri sérþekkingu að halda. Mikilvægt er þó að taka skýrt fram að íslenskt háskólastarf mun aldrei þrífast án þess að við höfum öflugar tengingar til útlanda, enda mun erlent samstarf verða einkennandi í framtíðarþróun íslenskra háskóla.

Algjör forsenda þess að við hjá LbhÍ getum boðið fram nám til MS og Dr gráða er samstarf við systurháskóla okkar á Norðurlöndum um NOVA háskólanetið sem er samrekstur námskeiða fyrir framhaldsnámið. Þess má geta að nú um næstu áramót mun LbhÍ taka við forystuhlutverki í þessu samvinnuverkefni og taka við NOVA næstu tvö árin og reka það héðan frá Íslandi. Nú er komið að okkur - það er ekki alltaf hægt að fá far aftaná – stundum þýðir ekki annað en þenja brjóst og draga vagninn.

Segja má að þróun íslensks háskólasamfélags sé á margan hátt ævintýri líkust nú síðustu árin. Snaraukin ásókn fólks í háskólanám sem og hækkað menntastig almennt einkenna þessa tíma og gera það að verkum að starfsemi háskólanna er kraftmeiri en fyrr. Í umræðu um háskóla hérlandis er fólki tíðrætt um fjölda skólanna og smæð þeirra ber iðulega á góma. Hvorugt þarf að vera vandamál heldur tækifæri enda má líta svo á að þetta séu einfaldlega einingar hins íslenska háskóla. Einingar sem í einhverjum tilfellum eiga í innbyrðis samkeppni sem oftast skapar þá bara ákveðið aðhald og betri árangur að öllum líkindum. Að sjálfsögðu er það okkar stóra markmið Íslendinga í þessum efnum að háskólastarfið sé fyrst og fremst gott, þ.e. að við bjóðum okkar fólki upp á gott nám og að við stundum öflugar og vandaðar rannsóknir á heimsmælikvarða.

Flaggskip íslenska háskólastigsins er Háskóli Íslands, enda langstærstur og hefur breiðustu skírskotunina. Nú hefur Kennaraháskóli Íslands runnið saman við HÍ og þar er því orðin til mjög stór eining á íslenska mælikvarðann. Þá má spyrja hvort e.t.v. væri rétt að hugsa til enn frekari sameiningar innan háskólastigsins og jafnvel slá þessu öllu saman.

Ef hugsað er til fjölda landsmanna og umfangs háskólastarfseminnar hér á landi og það borið saman við önnur lönd þá sjáum við í hendi okkar að einn háskóli liggur að mörgu leyti beint við og líklega hagkvæmt að reka hann á einum stað - til dæmis í Vatnsmýrinni.

Skoða ber kosti frekari sameiningar mjög vel en samtímis er mikilvægt að tapa ekki niður þeim tækifærum sem felast í því að reka háskólastarfsemi úti á landsbyggðinni.

Það hefur sýnt sig að háskólarnir hafa mikil áhrif á sitt nánasta umhverfi og má ganga svo langt að segja að þeir séu lífæðar sinna byggðarlaga. Háskólinn á Akureyri hefur, svo ekki verður um villst, geysilega þýðingu fyrir Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið. Bærinn er fullur af ungu fólki og fjöldinn allur af nýjum atvinnutækifærum tengjast skólanum. Sömu sögu má segja um Hóla en það er augljóst að starfsemin sem þar hefur byggst upp er Skagfirðingum ómetanleg, Hún eflir atvinnu á svæðinu og kyndir undir sjálfstrausti og sóknarhug. Úr Borgarfirði getum við sagt sömu sögu. Starfsemin sem þrífst í kringum vöxtinn á Bifröst og Hvanneyri skiptir sköpum og skapar mikla atvinnu á svæðinu.

Þó svo að íslenskir háskólar renni ekki allir í eina sæng blasir við að nýta þau tækifæri sem felast í snaraukinni samvinnu þeirra. Slík samvinna er auðvitað til staðar á ýmsum sviðum, en hér er þó margt ógert sem til mikilla framfara getur leitt. Samstarf um rannsóknir er eitt form þessarar samvinnu sem oftast er bara sjálfsprottin frá því vísindafólki sem sér hag í slíku. Það slær saman þekkingu á ákveðnu viðfangsefni og eykur þannig þungann til að ná settu marki; gjarnan í samstarfi við atvinnulíf og erlenda aðila. Hér mætti þó gera betur hvað varðar sameiginlegt rannsóknastarf innlendra háskólastofnana. Spennandi möguleikar hafa opnast, með nýjum háskólalögum, hvað varðar sameiginlegar námsleiðir og ekki hvað síst sameiginlegar námsgráður sem telja má líklegt að verði áberandi í framtíðarþróun íslenskra háskóla.

Í þessari viku komu fram skýrslur innlendra og erlendra sérfræðinganefnda á vegum stjórnvalda um framtíð menntunar, rannsókna og nýsköpunar í ljósi nýrrar efnahagsstöðu hér á Íslandi. Niðurstöður þessara nefnda eru um margt merkilegar en þar kemur mjög skýrt fram hversu mikilvægt menntakerfið og vísindastarfið er nú sem aldrei fyrr. Afar skýr skilaboð eru um að við þurfum að viðhalda fjárfestingum í menntun á öllum skólastigum, allt frá leikskóla og upp úr og alls ekki gleyma mikilvægi starfsmenntanámsins.

Áberandi í tillögum nefndanna er einnig áhersla á að jafna aðstöðu háskólanna hvað fjárveitingar og rekstrarform varðar. Í tillögunum er einnig boðuð stefna um aukna samvinnu háskóla og jafnvel stórfelldar sameiningar. Erlenda nefndin gengur svo langt að stinga upp á tveimur háskólum í landinu en undirstrikar þó sérstaklega mikilvægi þess að viðhalda þurfi landsbyggðar-útibúunum. Ekki liggur fyrir hvað gert verður með þessar tillögur en reiknað er með að úr þeim verði unnið frekar á næstu mánuðum.

Ljóst er að ekki er sátt um þessar tillögur að öllu leyti og hafa t.d. forráðamenn Háskólans á Akureyri lýst sig alfarið andsnúna því að sameinast inn í einn ríkisháskóla eins og tillögurnar gera ráð fyrir. Hvað sem gert verður með þessi nefndarálit þá er að mínu viti algjörlega einboðið að samþætta þurfi starfsemi háskólanna og í öllu falli auka samvinnu þeirra. Þessi vinna er hafin fyrir allnokkru hvað varðar LbhÍ en nú er í gangi nefndarstarf til að meta fýsileika þess að samþætta starfsemi LbhÍ og Háskóla Íslands. Reiknað er með niðurstöðu í þeim efnum innan fárra vikna. Ljóst er að slíkum hugmyndum fylgja kostir og gallar og margt sem þarf að ganga upp en næðist að útfæra slíka sameiningu með sannfærandi hætti er ljóst í mínum huga að þarna geta legið gríðarleg tækifæri til framþróunar fyrir báða skóla og til heilla fyrir íslenska þjóð.

Mikilvægt að er málið skoðist gaumgæfilega og að vandlega undirbyggð ákvörðun verði tekin innan tíðar – við sjáum hvað setur.

Kæru tilheyrendur:

Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands er nám framtíðarinnar. Hér sækja nemendur í sjóði sem fölna ekki, láta ekki á sjá; sjóði sem enginn fær frá okkur tekið. Ísland bíður eftir fólki sem kann til verka á sviði auðlinda- og umhverfisfræða með breiðri skírskotun. Þetta er fólkið sem mun móta nýtt Ísland og skapa land sem býr að eigin auði.

Í hjartsýni vorsins kvað Tómas Guðmundsson svo:

*Allt vaknar er vorar að,
sem veröldin fegurstól.
Og ljúft er að leggja af stað
við ljómann af rísandi sól.
Þá höldum við saman mót sumrinu hjarta
með söng á vörum og blóm við hjarta
og kveðjum byggðir og ból.*

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka nemendum og starfsfólki Landbúnaðarháskóla Íslands, háskólaráði og öllum samstarfsaðilum frábært samstarf á liðnu skólaári. Sérstakar kveðjur flyt ég frá ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála sem hafði hug á að vera hér með okkur en átti ekki heimangengt.

Kæru útskriftarnemar:

Góð menntun er gulls ígildi – þekkinguna tekur enginn frá manni, hún situr eftir þótt annað rjúki burt – á henni má byggja til framtíðar. Sjóðir þekkingarinnar eru digrir og þeirrar náttúru að eyðast ekki þótt af þeim sé tekið heldur vaxa stöðugt og örugglega. Þið hafi gengið í þessa sjóði og sótt ykkur hnefa. Það veganesti mun reynast ykkur vel – það er okkar bjargfasta trú.

Kæru útskriftarnemar – sumarið bíður og lífið er framundan.

Til hamingju með daginn!

Ágúst Sigurðsson